
F U N D A R G E R ð

Fundur:	Raforkuhópur 2010-04
Fundartími:	Þriðjudagur 6. apríl 2010 kl. 14:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Fundargerð síðasta fundar. 2) Aflþörf raforkukerfisins 2009. 3) Almennar forsendur, húsrými. 4) Almennar forsendur, heimili. 5) Almennar forsendur, landbúnaður. 6) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:

Ívar Þorsteinsson
Pétur E. Þórðarson
Ásgeir Sigtryggsson
Íris Baldursdóttir
Gunnar Aðalsteinsson

EFLA:

Jón Vilhjálmsson
Ingvar Baldursson

Fjarverandi:

Agnar Árnason/Baldur Dýrfjörð
Sigurður Ágústsson

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar. ÍP sagði að áætlun hópsins væri samþykkt af Orkustofnun með þeim fyrirvara að hún gæti breyst ef kröfur kæmu frá iðnaðarráðuneytinu um verulegan niðurskurð á starfsemi stofnunarinnar.
- 2) IB fór yfir myndir og töflur um aflþörf á árinu 2009. Hæsti toppur raforkuvinnslu kom 23.12.2009 11:59 og var 2.147 MW. Næstu gildi komu flest í desember en þó slæðist inn einn toppur í febrúar. Í fimm landshlutum kom árstoppurinn í desember en í tveimur kom hann í febrúar. Flutningstöpin eru mest um sumarið og benti PEP að þá væri einnig mest vinnsla í Kárahnjúkum. Munur á samanlögðum aflgögnum vinnslu og orkutölum eru um 4 GWh eða 0,03% svo gögnin ættu að vera nokkuð góð. Frávik er mest í virkjunum Orkuveitu Reykjavíkur eða 2,2 GWh. ÁS benti á að mismunandi væri á milli flutnings og sölu hvað væri flokkað sem ótryggð orka. IB sagði að hér væri miðað við skilgreiningu sölu.

- 3) JV fór yfir kafla um húsrými í almennu forsendunum. Mikil aukning hefur verið í íbúðarhúsrými undanfarin ár. Hann sagðist hafa lækkað aðeins íbúðartíðni frá síðasta ári til að útreiknuð húsnæðisþörf væri jöfn húsrými í fasteignamati. Ekki hefur verið tekið tillit til þess að mikið er um auðar íbúðir. Það sama má segja um atvinnuhúsnæði. ÍP lagði til að áætlað yrði hve mikið hafi verið byggt undanfarin ár umfram þörf og miðað við að það nýtist sem nýtt húsnæði næstu ár. JV mun skoða þá breytingu. Einnig var bent á hvort ekki væri óþarflega mikil nákvæmni að miða við 0,86 prósentustiga aukningu umfram mannafla í atvinnuhúsnæði.
- 4) JV fór yfir kafla um heimili í almennum forsendum. Hann benti á forsendur um íbúðartíðni í ljósi þess sem kom fram þegar húsrýmið var skoðað. Rætt var um tækjæign heimila og hve mikið hún hefur aukist á undanförunum árum en ætla má að flest tæki séu farin að nálgast metnun. Einnig var rætt um forsendur varðandi þróun sumarbústaða. Bent var á að skoða þyrfti breytingar í tækni við lýsingu svo sem sparperur og díóðulýsingu. Einnig þarf að meta tilkomu rafbíla. PEP benti á að mikilvægast væri að meta heildarnotkun allra bíla ef þeir fara yfir á raforku og síðan meta hve hratt slíkt gerist. JV sagði að nýlega hefði verið fundur um nýja orkugjafa í samgögnum hér á landi á vegum norræns verkefnis og í maí ætti að vera ráðstefna hér á landi um það efni. Þessi gögn ættu að nýtast okkur.
- 5) Frestað var til næsta fundar að fara yfir kafla um landbúnað.
- 6) Rætt var um að fá sérfræðinga á næsta fund hópsins t.d. Magnús Ágústsson garðyrkjuráðunaut til að fjalla um raforkunotkun í garðyrkju, einhvern til að fjalla um rafbíla t.d. Ágústu S. Loftsdóttur á Orkustofnun (eða Sigurð Friðleifsson hjá Orkusetri) og einhvern til að fjalla um iðnað t.d. fiskimjölsiðnað.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 16:40. Næsti fundur ákveðinn 4. maí 2010.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Töflur í viðauka 5 um aflþörf raforkukerfisins 2009.
- Myndir um aflþörf raforkukerfisins 2009.
- Kafli 12 í almennum forsendum um húsrými.

- Kafli 4 í almennum forsendum um heimili.

Dreift eftir fundinn:

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
ÍP	Athuga með mælingar í virkjunum
JV	Breyta húsnæðispörf út frá því að mikið sé ónotað af húsnæði nú
	.